

Hrafnista 14. júní 2021

Kæru íbúar og aðstandendur,

Samkvæmt sóttvarnaryfirvöldum er staðan á Íslandi varðandi heimsfaraldur Covid-19 nú góð og verulegar tilslakanir hafa verið boðaðar á samkomutakmörkunum frá og með 15. júní. Þetta eru gleðifréttir og hefur Neyðarstjórn Hrafnistu ákveðið að aflétta verulega þeim heimsóknartakmörkunum sem hafa verið undanfarin misseri á heimilunum. **Frá og með 15. júní verða heimilin opnuð að nýju eins og fyrir tíma kórónuveirunnar.** Engar takmarkanir eru á fjölda heimsóknargesta og aðstandendur hafa heimild til að vera í samrýmum deilda með íbúum og starfsfólki. Áfram verður þó ávallt að sýna ýtrustu varkárni í heimsóknum. Við þurfum öll að hafa í huga persónulegar sýkingavarnir s.s. handþvott og handsprittun, en það hefur einmitt sýnt sig að þær skipta grundvallarmáli þegar verið er að forðast að smit berist á milli einstaklinga.

Jafnframt gildir áfram:

1. **Alls ekki koma í heimsókn ef:**
 - a. Þú ert í sóttkví.
 - b. Þú ert í einangrun eða að bíða eftir niðurstöðu úr sýnatöku.
 - c. Þú hefur verið í einangrun og ekki eru liðnir 14 dagar frá útskrift.
 - d. Þú ert með COVID-19 lík einkenni (kvef, hósta, hita, höfuðverk, beinverki, þreytu, kviðverki, niðurgang o.fl.).
 - e. Þú ert með einhver önnur almenn einkenni um veikindi.
2. Virða þarf 1 metra nándarmörk milli gesta, annarra íbúa og starfsfólks heimilisins.
3. Óbólusettir gestir heimilanna þurfa að bera andlitsgrímu ef ekki er hægt að tryggja 1 metra fjarlægð við íbúa og starfsmenn heimilanna.
4. **Fullbólusettir aðstandendur** sem dvalið hafa erlendis mega koma í heimsókn eftir að hafa fengið neikvætt svar úr skimun á landamærum og eru með öllu einkennalausir. Mælst er til að þeir séu með andlitsgrímu og séu ekki í sameiginlegum rýmum deildar (fari beint inn á herbergi íbúa á meðan á heimsókn stendur) þar til 7 dögum eftir komu til landsins. **Óbólusettir** einstaklingar sem eru að koma erlendis frá mega ekki koma í heimsókn inn á heimilin fyrr en 14 dagar eru liðnir frá heimkomu (undanþágu er hægt að fá í samráði við stjórnendur deildar ef um skyndileg veikindi/lífslokameðferð er að ræða hjá íbúa).

Það er mikilvægt að hafa í huga að þrátt fyrir að fá smit greinist nú þá er ljóst að veiran er enn til staðar í samfélaginu og verðum við öll að vera áfram á varðbergi. Ef smitum fjölgar í samfélaginu gæti Neyðarstjórn Hrafnistu þurft að grípa aftur til ákveðinna aðgerða og takmarkana.

Það er með gleði í hjarta sem við fögnum þessum áfanga og óskum ykkur öllum gleðilegs sumars 😊

Kær kveðja,

Neyðarstjórn Hrafnistu